



OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Ragnhildi Öldu
Vilhjálmisdóttur
borgarfulltrúa

www.borgarblod.is

Hagaskóli vann Skrekk



Mynd: Anton Bjarni

Kátir krakkar úr Hagaskóla fagna eftir sigur í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur.

Hagaskóli vann Skrekk, hæfileika-keppni grunnskóla Reykjavíkur, sem haldin var í Borgarleikhúsinu 13. nóvember sl. Atriði Hagaskóla bar heitið „Líttu upp, taktu eftir“ og fjallaði um hversu mikilvægt það er að fólk taki eftir því sem er að gerast í kringum það og hvíli jafnvel snjalltækin aðeins.

Háteigsskóli endaði í öðru sæti keppninni og Seljaskóli í því þriðja. Langholtsskóli fékk svo Skrekkstunguna svokölluðu, en það eru verðlaun sem veitt eru því atriði sem þykir beita tungumálinu hvað best. Úrslitakvöldið fór sem áður sagði fram í Borgarleikhúsinu, en það var sýnt í beinni útsendingu hjá Ríkissjónvarpinu.

Um 700 unglingar frá 24 skólum í Reykjavík tóku þátt í Skrekk sem haldinn var í 33. sinn. Í Skrekk fá unglingar í grunnskólum Reykjavíkur að vinna með hugmyndir sínar og þróa sviðsverk fyrir stóra svið Borgarleikhússins fyrir hönd síns skóla.

Atriðin í ár fjölluðu um umhverfismál, áhrif síma og samfélagsmiðla og mikilvægi þess að sjá veröldina þar fyrir utan, kvíða og geðheilbrigði, sýnileika minnihlutahópa og vináttu svo að eitthvað sé nefnt. Unglingarnir nýta allar sviðslistir í atriðin; tónlist, dans, leiklist og gjörninga. Þau sjá um að semja atriðin, það er leik, dans, sögu og tónlist og sum eru jafnvel með frumsamin lög. Krakkarnir sjá líka um tæknimál, búninga og förðun. Full-orðnir hafa það hlutverk að styðja þau við uppsetningu atriðanna.

SVARTUR FÖSSARI

Stærsta tilboðsvika ársins er hafin

ELKO



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

REYKTUR & GRAFINN LAX – HINDBERJAVINAIGRETTE – HEITREYKTAR & GRAFNAR VILLIGÆSABRINGUR –

Er líða fer að jólum...

HREINDÝRAKJÖT – VILLIGÆSIR – WELLINGTON – SÆNSK JÓLASÍLD – HNETUSTEIKUR – FASANAR – PEKINGENDUR – KRÓNHJARTARFILE – ELGLUNDIR – PANETTONE – HREINDÝRAPATÉ – ANDALIFUR – LIFRARKÆFUEFNI – KALKÚNN – HREINDÝRASÓSUGRUNNUR – VILLIBRAÐ – NORSKAR JÓLAKÖKUR – ÚRVALS HÁTÍÐAKONFEKT – KALKÚNASKIP – HÚSKARLAHANGIKJÖT – NAUTA PIPARRÓTARSÓSA – SVEPPAWELLINGTON – JÓLA

JÓLASKINKA – LABEYRIE ANDA & GÆSALIFRARKÆFUR – RAUÐLAUKSSULTA – KÁLFAKJÖT – TRUFFLUSVEPPIR – LAUFABRAUÐ – SÖRUR – TVÍREYKT HANGIKJÖT – CHRISTMAS PUDDING – VEGAN WELLINGTON – KALKÚNAFYLLING – PANDORO – JÓLAPATÉ – JÓLALAKKRÍS – HEITREYKTAR ANDABRINGUR – LUNDIR – ANDAFITA – VILLIGÆSABRINGUR – KLEMENTÍNUR – FYLLT LAMBALÆRI



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
10. tbl. 26. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Heimaorka

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir borgarfulltrúi varpar fram athyglisverðri hugmynd í viðtali hér í blaðinu. Hún hefur einnig flutt tillögu í borgarstjórn um málið og hún verið samþykkt.

Hugmynd Ragnhildar Öldu er að heimili geti komið upp sólarcellum og unnið með þeim raforku til eigin nota fyrir heimili sín.

Ljóst er að raforku skortir hér á landi. Einnig er ljóst að orkuskipti sem unnið er að kalla á enn meiri framleiðslu á raforku en áður var gert ráð fyrir.

Forstjóri Landsvirkjunar telur að græn orka sé uppseld í landinu. Nú þegar hefur um 26% af öllu landsvæði á Íslandi verið friðað. Öll landnotkun orkugeirans nær þó aðeins til um 0.6% af landinu. Þótt framleiðsla á grænni orku yrði þrefölduð næði landnotkunin ekki 2%.

Óraunhæf sjónarmið hafa ratað inn í stjórnkerfið og ráða þarna nokkru um. Rammaáætlun um orkunýtingu hefur verið að teifa en ekki að virka.

Svo virðist að gleymst hafi að náttúruvernd og framleiðsla grænnar orku eru af hinum sama meiði. Sjónarmið sem þurfa að ná saman.

Raforka er ein aðalforsenda þess að hægt sé að skapa störf í landinu. Án raforku verður lítið um atvinnusköpun sem er mikilvæg því landsmönnum fjölgar og skapa þarf störf fyrir komandi kynslóðir.

Hugmynd Ragnhildar Öldu er einkar athyglisverð. Framleiðsla heimaorku með sólarcellum getur orðið hluti af grænni orkuskipti fram tíðarinnar.

Fjölorkustöð við Fiskislóð



Stórt verslunarsvæði er við Fiskislóð á Örfirisey.

Fyrirhugað er að koma upp fjölorkustöð við Fiskislóð í Örfirisey. Festi ehf. hefur sótt um leyfi til Reykjavíkurborgar um uppbyggingu fjölorkustöðvar N1 á lóðinni Fiskislóð 15 til 21 á Granda. Á lóðinni eru verslanir Krónunnar, Jysk, Elko og Byko. Í næsta nágrenni, Ánanaustum, er Olís með bensínstöð. Þar er einnig hraðhleðslustöð Ísorku.

Samkvæmt tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna

Fiskislóðar 15 til 21 verður komið fyrir þremur nýjum byggingarreitum þannig að búnaður til eldsneytissölu og rafmagnshleðslu komist fyrir í jaðri lóðarinnar. Komið verður fyrir tveimur dælum fyrir fjóra bíla og búnaði til rafhleðslu fyrir allt að átta bíla. Með því móti verður hægt að orkuvæða bíla hvort sem þeir ganga fyrir rafmagni, bensíni eða dísilolíu.

Vinnusmiðjum ungmenna lokið

Vilja meiri tækni- og verkmenntun

Vinnusmiðjum með yfir 200 unglingum í Reykjavík er lokið. Vinnusmiðjunum er ætlað að ýta undir lýðræðislega virkni nemenda í skóla- og frístundastarfi og möguleika þeirra til að hafa áhrif á eigið nám. Margar frábærar, skemmtilegar og framsýnar hugmyndir komu fram í hópastarfinu. Í þessu sambandi var líka fjallað var um hlutverk nemendafélaga og félagsmiðstöðvaráða.

Margar hugmyndir komu fram þegar unglingarnir lögðust í hugmyndaavinnu um tilhögun skólalastarfs. Mörg töldu mikilvægt að efla ætti iðn-, tækni og verkgreinar í grunnskólum, eins komu fram vilji til að efla lífsleikni og kynfræðslu og að læra meira um praktísk mál eins og um fjármál, skatta, íbúðakaup. Þá komu fram hugmyndir eins og að hefja fornam ökunáms í grunnskóla, að hægt væri að velja hvaða tungumál sem er í stað dönsku. Flest virtust á því að halda í hefðbundnu kjarnagreinarnar eins og íslensku, stærðfræði, ensku og samfélagsfræði. Þá komu ýmsar hugmyndir um þann tíma sem skólalastarfi ætti að standa yfir. Sumir voru á því að styttri hlé og þéttari skólalastur væri málið á meðan aðrir vildu jafnvel lengja skólalaginn en fá í staðinn lengri hlé og matartíma til að njóta samvita hvert við annað.

Notalegt umhverfi í nýjum skóla

Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi hönnun nýs unglingaskóla. Notalegt umhverfi var til umræðu og einnig nefnd aðstaða til að hita samlokur og núðlur og að gott væri að hafa lágvörverslun í nágrenni við skólann. Fram kom að verðbólga gæti sligað Ísland næstu árin sem yrði áskorun og greinilegt var að núverandi efnahagsástand setti mark sitt á umræðuna.

Tíu nemendur frá hverjum skóla

Allt að tíu nemendur auk tveggja til fjögurra starfsmanna frá hverju grunnskóla í Reykjavík komu til vinnusmiðjunnar. Hver smiðja stóð



Frá Vinnusmiðjunum.

yfir í tvo daga í fimm tíma í senn. Smiðjurnar byggja á aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem allir þátttakendur fá rödd og tækifæri til að taka þátt í samtali og samskiptum hugmynda. Dagskrá beggja daganna skiptist í

stutt innlegg, verkefni þar sem kafað er dýpra í viðfangsefnið, leiki og æfingar þar sem þátttakendur æfa sig í að hugsa á skapandi og lausnarmiðaðan hátt og setja sig í spor annarra.

SÍMAVINIR



Hefur þú áhuga á að gerast sjálfboðaliði í Vinaverkefninu Símavinir?

Sendu inn umsókn á vef Rauða krossins



VINAVERKEFNI - FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA
+354 570 4222
+354 570 4226
vinaverkefni@redcross.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



Black Friday
Tilboðsdagar!

25% afsláttur
af öllu*

Black Friday tilboðsdagar 23 - 27. nóvember í verslunum
Eyesland á Granda og í Glæsibæ.

Gildir einnig í vefverslun eyesland.is

*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

*Tilboðið gildir ekki af linsum.

eyesland

Grandi • Glæsibær • Keflavíkurflugvöllur • eyesland.is



Viðhorfsbreytingu vantar

- segir Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir borgarfulltrúi

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir borgarfulltrúi hefur reifað nýju máli á vettvangi borgarstjórnar. Málið snýst um könnun á stuðningi við uppbyggingu sólarsella á reykvískum heimilum. Ragnhildur Alda lagði fram tillögu þess efnis að borgarstjórn beini því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum og var tillagan samþykkt. Ragnhildur segir að nú sé rétti tíminn fyrir þetta mál. Búið sé að innleiða snjallmæla á öll heimili og ekkert því til fyrirstöðu að hvert heimili gerist sín eigin orkuveita. Hún segir kveikjuna að hugmyndinni þá að þessi tegund orkuöflunar sé mikið að færast í aukana. Norðmenn séu farnir að vinna að þessu. Þeir hafi áttað sig á því að eftirspurnin eftir orku vaxi á stigveldishraða. Til þess að anna þeirri þörf og ná orkuskiptunum þurfi allar hendur á plóg. Sá sé kjarninn í tillögunni. Hún tók sæti í borgarstjórn að loknum síðustu sveitarstjórnarkosningum en hafði áður starfað sem varaborgarfulltrúi. Ragnhildur Alda spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

Eftir bolla af americano á kaffihúsinu Hygge í vesturenda Héðinshússins við Seljaveg barst talið að borgarmálum sem Ragnhildur Alda hefur helgað líf sitt og starf að undanförmu. Hún segir málefni borgarinnar alls staðar. Borgir taki við fólki þegar dyrum heimilisins sleppi. Þá blasi afrakstur borgarmálanna við. „Hvort sem við horfum á götur eða á gangstéttir, gatnamót eða umferðarljós blasir borgin við. Á sama hátt er borgin sýnileg í skólastarfinu. Í leikskólunum og grunnskólunum. Borgarpólitíkinn snertir alla litlu og stóru hlutina í lífi okkar. Þess vegna skiptir máli hvernig stefna borgarinnar er.“

Stjórnmalamaðurinn er alltaf að

„Þetta er góð spurning“ segir Ragnhildur Alda þegar hún er innt eftir hvernig henni hafi hugkvæmst að gefa kost á sér í borgarmálin. „Ég ætlaði mér aldrei að fara út í pólitík. Ég held að þeir sem alast upp með stjórnmalamönnum reyni eftir fremsta megni að fara aðrar leiðir. Faðir minn Vilhjálmur Egilsson sat á þingi um árabil og ég var fljót að átta mig á að stjórnmálin eru lífsstíll eða jafnvel árátta en ekki hefðbundin vinna frá klukkan níu til fimh. Stjórnmalamaðurinn stjórnast ekki af klukku. Hann er alltaf að. Ég verð að segja að eitt leiddi af öðru til að ég fór inn á þessa braut og að lokum fannst mér ég ekki eiga neina undankomuleið. Ég álpaðist inn í stúdentapólitíkina. Var einnig í Heimdalli þar sem ég ætlaði að láta staðar numið. En svo tók ég sæti á framboðslista og varð varaborgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Fyrst í stað var ég aðeins kölluð af og til vegna vinnu í borgarmálunum. Ég var í námi á sama tíma. Var að ljúka sálfræðinámi og bætti síðan þjónustustjórnun við. Þegar ég var að stúdera hana sá ég með nýjum hætti hvað betur mætti fara þarinnni. Þá fór ég að íhuga stjórnmalapátttöku af meiri alvöru. Um svipað leyti varð ég að taka við fleiri verkefnum og skyldum sem varaborgarfulltrúi. Egill Þór Jónsson borgarfulltrúi veiktist og þurfti að leita sér lækninga erlendis og Jórunn Pála Jónasdóttir sem var næst honum í röðinni fór í barneignarleyfi. Þar með var ég kölluð upp og varð að sökkva mér ofan í málin sem fyrsti varaborgarfulltrúi.“

Að láta gott af sér leiða

Ragnhildur Alda segir að þetta hafi stangast á við fyrirætlanir um að fara erlendis til framhaldsnáms.

„Einar maðurinn minn var að ljúka við læknisfræðina. Hann var farinn að þreifa fyrir sér um sérnám sem þá þurfti að sækja út fyrir landsteinana. Þrátt fyrir að ég væri komin á kaf í borgarmálin vorum við enn að íhuga að fara erlendis. En úr því rættist því að mikill hluti af sérnámi í læknisfræði var tekin til kennslu hér. Ástæða þess var sú að margir læknar sem fóru utan til sérnáms komu ekki aftur en tóku til starfa erlendis jafnvel við sjúkrahús eða stofnanir þar sem þeir höfðu stafað á námstíma sínum. Þótt ég væri með þennan glugga opinn að fara erlendis þá ákvað ég að stökkva á borgarmálin. Mér fannst að ég gæti gert margt sem komið gæti að gagni. Minn tími væri komin og svo yrði ég bara að sjá til með hversu lengi ég myndi endast. En ég legg áherslu á mína sýn í borgarmálunum. Að láta gott af mér leiða. Annað kemur á eftir.“

Áhersla á meiri breidd

Hvernig lagðist kosningabaráttan í Ragnhildi Öldu. „Hún lagðist vel í mig. Ég lagði seint af stað í prófkjör og hafði um einn mánuð til stefnu. Þetta var sprettur þar sem ég varð að hlaupa rosaleg hratt þennan stutta tíma. En ég upplifði mig umvafna góðu fólki. Nú er ég farinn að læra betur á þetta.“ Ragnhildur Alda kveðst búinn að stilla áhugamálum sínum upp og farin að kynna áherslur á meðal borgarfulltrúa flestra flokka. Hún kveðst vilja leggja áherslu á meiri breidd en verið hafi. Á síðasta kjörtímabili hafi verið ákveðin stefna meirihlutans í borgarstjórn að hafna öllum hugmyndum og tillögum sem komu frá borgarfulltrúum þeirra flokka sem utan hans stóðu. Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið ákveðnir pólar í borgarpólitíkinni og Viðreisn klofningsflokkur úr Sjálfstæðisflokknum sem gengið hafi til liðs við meirihlutann. Þetta hafi aðeins breyst með tilkomu Framsóknarflokksins eftir síðustu kosningar.

Dagvistunin á fleiri hendur

Ragnhildur Alda kveðst hafa verið að skoða rannsókn á þróun stjórnmalaflokka undanfarin ár. Þar komi fram að Pírata séu til vinstri við Samfylkinguna sem sé nær miðju líkt og Viðreisn en þeir flokkar falli saman um margt. Framsókn sé líka meira á miðjunni og með þeim hafi komið nýir vindar sem blási á þann veg að meirihlutinn sé hættur að fella bókstaflega allt sem lagt er til. „Ef maður hugsar um hvernig lýðræðið á að virka þá er þetta mjög klókt hjá þeim. Ekki er aðeins



Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir borgarfulltrúi.

verið að hugsa um meirihluta og minnihluta þeirra vegna heldur að ákvarðanir sem eru teknar séu af hinu góða fyrir samfélagið.“ Sú spurning veltur upp hvort sveitarstjórnarmál séu eðli sínu eins flokkspólitík og landsmálin. Hún vill meina að landsmálin séu í fastari flokksskorðum en í sumum málum séu þessi mörk þó alveg skýr í borgarmálunum. „Dagvistarmálin eru dæmi um málaflokk sem ákveðin ágreiningur er um. Núverandi meirihlutflokkar og þar á ég einkum við Pírata og Samfylkinguna vilja hafa öll dagvistarmál á hendi borgarinnar á meðan við í Sjálfstæðisflokknum teljum rétt að nýta fleiri kosti. Þar á ég við að hleypa einkareknum skólum að. Dagvistarmálin eru erfiður málaflokkur þar sem stöðugt er kallað eftir meiri þjónustu. Fólki fjölgar og kröfur um að börn geti fengið pláss í leikskólum þegar fæðingarorlofi lýkur eru nánast án undantekninga. Við þessu þarf að bregðast. Með því að fá fleiri að borðinu tel ég að auðveldara verði að leysa úr málunum. Ég tel að fé eigi að fylgja haus í leikskólunum rétt eins og gert er í heilbrigðisþjónustunni. Borgin eigi að hafa eftirlit með öllu kerfinu en síðan geti aðrir aðilar annast um reksturinn. Alla vega að hluta. Þegar einn aðili í þessu tilviki borgin er með allan reksturinn eins og er í leikskólamálunum þá grípur hvaða vandi sem kemur upp inn í allt kerfið.“

Kunningjatengsl koma við sögu

Ragnhildur Alda lítur yfir borgarmálin og segir að þegar flokkar eða samtök séu búin að vera lengi við völd þá verði oft áberandi ákveðin kunningja- og jafnvel ættmennatengsl í hóp embættismanna og starfsfólks. Þetta eigi sér stað hjá Reykjavíkurborg og geti valdið erfiðleikum. Fólk tengist eftir öðrum leiðum en í gegnum hlutverk sín í starfi. Sama hvort um pólitísk störf eða önnur sé að ræða. „Ég þekki ekki nægilega vel inn til ríkisins í þessum efnum en þetta kom mér óvart þegar ég kom í borgina. Ég hélt að þetta væri barn síns tíma en virðist lífa góðu lífi í samfélagi fámennis, ættartengsla og kunningskapar. En þetta er engum hollt og ég get ímyndað mér að

„Dagvistarmálin eru erfiður málaflokkur þar sem stöðugt er kallað eftir meiri þjónustu. Fólki fjölgar og kröfur um að börn geti fengið pláss í leikskólum þegar fæðingarorlofi lýkur eru nánast án undantekninga. Við þessu þarf að bregðast. Með því að fá fleiri að borðinu tel ég að auðveldara verði að leysa úr málunum. Ég tel að fé eigi að fylgja haus í leikskólunum rétt eins og gert er í heilbrigðisþjónustunni.“

erfitt geti verið fyrir Framsókn að koma inn með sínar áherslur sem nýr aðili í samstarfi að aðra sem setið hafa lengi.“ Ragnhildur Alda dregur skemmtilega samlíkingu fram. „Þetta er svipað aðstæðum konu sem er að byrja með nýjum manni en þarf að flytja inn í hús sem hann bjó með fyrri konu og hann vill engu breyta.“ Talið berst að Degi B. Eggertssyni borgarstjóra sem hefur verið pólitískur andstæðingur Ragnhildar Öldu frá því hún hóf þátttöku í borgarmálum. Hún segir Dag mjög klókan stjórnmalamann og hann hafi náð ótrúlegum árangri með að halda meirihlutanum saman. Spurningin sé hins vegar hvort þessi klókindi hafi verið nægileg góð fyrir borgina. Hún bendir á að þótt tekjur borgarinnar hafi aukist hafi þjónusta ekki vaxið umfram það sem eru lögboðin verkefni sveitarfélaga.“

Þurfum að varðveita gömlu hverfin

Reykjavík hefur breyst mikið á undanförmum árum. Ragnhildur Alda tekur undir það og bætir við að þegar hún horfi á borgarmyndina komi íhaldsmaðurinn upp sér. „Þrátt fyrir alla uppbyggingu þá finnst mér að sum borgarsvæði þurfi að fá að halda sér. Þá er ég einkum að tala um gamla Vesturbæinn og Þingholtin. Þar eigum við ákveðinn byggingaarf. Þessi gömlu hús. Timburhúsin meðal annars. Þegar kemur að þeim verð ég mikil íhaldskona. Mér finnst skylda okkar að gæta þess að þessi hús haldi sér

fyrir næstu kynslóðir. Mér finnst dýrmætt að geta haldi á mynd sem var tekin fyrir hundrað árum og sagt „sjáðu hér er húsið.“ Með þessu getum við rakið söguna frá liðinni tíð. Mér finnst ekki hægt að setja verðmiða á þetta.“ Ragnhildur Alda tekur undir að ekki finnst endalaust pláss í Reykjavík umlukinni sjó á þrjá vegu og fjöllum á þá fjórðu. Þó finnist enn svæði þar sem byggja megi yfir fólk. Hún nefnir Kjalarnes sem dæmi þar sem hægt væri að koma upp byggðakjarna. Miðborgin og Vesturbærinn séu þó nánast full byggð.

Deililibílar ekki náð augum hér

Umferðarmálin ber á góma. Ragnhildur Alda segir þá stefnu hafa verið ríkjandi að undanförmu að vilja stýra því hvernig fólk ferðast. Verið sé að færa fólk úr einkabílnum með góðu eða illu. Hún segir Íslendinga nota almenningssamgöngur erlendis en lítið hér heima. Hún tekur dæmi af vinkonu sinni sem nýlega flutti heim eftir að hafa búið í Danmörku. Hún vandist því að nota strætó og þá einkum venjulegan strætó eins og við þekkm en ekki neðanjarðarlest að borgalínu. Hún sagðist hafa orðið fyrir sjokki vegna þess hversu mikill munur er á strætó í Kaupmannahöfn og Reykjavík. „Annað sem Danir hafa lagt áherslu á en tæpast náð eyrum hér eru svokallaðir deililibílar. Þetta kerfi hefur verið að vaxa og dafna í Danmörku. Ekki þarf að greiða



Ragnhildur Alda og Einar Friðriksson eiginmaður hennar.

fyrir stöðu deilibíla. Þeir eru líka alls staðar þannig að fólk þarf ekki endilega að eiga bíl eða jafnvel fleiri en einn. Auðvelt er að grípa deilibílinn fyrir snattferðir og skutl.“

Árangur næst með gulrótinni

Ragnhildur Alda segist hafa lært bæði í námi og í daglega lífinu að ef ná eigi árangri þá náist hann betur með gulrót en með svipu. Svipan dugi illa og virki stundum öfugt. „Nú er verið að fækka bílastæðum og auka gjaldtöku. Þótt byggð hafi verið bílastæðahús til þess að mæta þessum breytingum þá er ótrúlega

dýrt að nota þau. Einu bílastæðin sem hafa verið byggð síðustu ár eru neðanjarðar. Til dæmis bílastæðin undir Hörpunni og Hafnartorginu. Á þessum tíma er búið að grafa mikið undan innviðum fyrir bílinn. En það hefur ekki leitt til þess að bílum hafi fækkað eins og stefnt var að. Fleiri aka og farþegum strætó hefur ekki fjölgað. Þarna er verið að vinna með svipunni. Gullna reglan er að ef á að breyta hegðun fólks þá þarf að bjóða eitthvað. Einhverja gulrót.“

Viðhorfsbreytingu vantar

„Sú hætta felast í mannlegri

hegðum að þegar fólk verður partur af einhverju kerfi þá verður tilhneiging til að fara að þjónusta kerfið sjálft og líta ekki út fyrir það. Þessi kerfislæga hugsun hefur komið upp hjá Reykjavíkurborg. Þjónusta kostar. Það kostar fjármuni að reka innviðina. Og þá getur verið nærtækast að horfa fram hjá þjónustunni en reyna þess í stað að fá fólk til að breyta hegðun sinni. Þetta kemur ágætlega fram í samgöngumálunum. Þetta gengur líka gegn mínu viðhorfi. Ef á að breyta þjónustu verður að gera hana betri en ekki að draga úr henni. Viðhorfsbreytingu vantar.“

Hleðslutæki Jólatilboð!

20%
Afsláttur



Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: www.skorri.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka**
eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur**
óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt**
skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Gunnar

S. Jónsson

lögg. fasteignasali

Sími: 899 5856

gunnar@miklaborg.is



Verður byggt á Bergstaðastræti 32A?



Lóðin við Bergstaðastræti 32 er nýtt sem bílastæði.

Hótel Holt Hausta hefur lagt fram fyrirspurn um uppbyggingu á lóðinni við það. Hún stendur skáhallt á móti Hótel Holti. Fram kemur í greinargerð með fyrirspurninni að lóðin hafi undanfarið verið leigð út sem bílastæði fyrir nágranna. Áður fyrr var hún nýtt sem bílastæði fyrir gesti Hótel Holts. Lóðin er 267 fermetrar að stærð. Á lóðinni stendur lítið rautt timburhús, byggt 1906 og því friðað. Reiturinn er samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 skilgreindur sem íbúðabyggð. Hvorki er í gildi hverfisSKIPULAG né deiliskipulag fyrir reitinn. Fram kemur í greinargerð arkitekts Att Ark ehf. að nýbygging á reitnum verði endanlega hönnuð samkvæmt áskilnaði um að nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar og verði aðeins heimilaðar sé sýnt fram á að þær séu til bóta fyrir heildarsvip byggðarinnar.

Grenndarstöðvar fá nýtt hlutverk

- tekið verður við málum og glerjum í stað pappírs og plasts

Nú er unnið að því að breyta grenndarstöðvum í Reykjavík fyrir nýtt hlutverk. Byrjað verður að taka á móti glerum og málum í staðinn fyrir plast og pappír. Ástæður breytinganna má rekja til þess að nýtt og samræmt flokkunarkerfi fyrir heimilissorp hefur verið innleitt á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar verða innleiddar í áföngum og er fjölgun málmagáma stærsta breytingin. Eftir að byrjað var að sækja pappír og plast við öll heimili hefur þörfin minnkað fyrir grenndargáma þar sem tekið er við þeim flokkum. Samhliða þessum breytingum sé skylt að flokka gler og málma og því verður gáumum sem taka við þessum flokkum fjölgað um meira en helming, eða úr 13 í 29 fyrir áramót. Málmar mega ekki lengur fara lausir í gráu tunnuna eins og áður var leyfilegt. Merkingakerfi



Sýnishorn af því hvernig grenndarstöðvarnar munu líta út í framtíðinni. Þessi er við Laugalæk.

fyrir grenndargáma verður á næsta ári samræmt við nýjar merkingar á heimilisflokkun og verður merkingin eins og límíðarnir á tunnunum við heimili fólks. Á sama tíma verða settir upp skynjarar í alla grenndargáma, sem segja til um hvenær gámarnir eru fullir.

Nær þrjú þúsund íbúðir í byggingu

Fyrsta október sl. voru 2.810 íbúðir í byggingu í Reykjavík. Alls voru 2.565 íbúðir í byggingu á byggingarhæfum lóðum. 2.884 íbúðir voru samþykktar í deiliskipulagi og 9.400 íbúðir voru í skipulagsferli. Á skilgreindum þróunarsvæðum var síðan gert ráð fyrir 5.230 íbúðum. Þetta kom m.a. fram á kynningarfundum um uppbyggingu íbúða í Reykjavík nýverið. Á kynningarfundinum kom fram áhersla borgarinnar á að skapa skilyrði til að á hverjum tíma séu nægilega margar lóðir byggingarhæfar og hún getur einkum haft áhrif á fyrri stigum skipulagsferilsins, en á síðari stigum eru það einkum lóðarhavar sem ráða hraða uppbyggingarinnar. Í Kortasjá er hægt að sjá nýrri tölur um stöðu mála niður á hverja lóð eða uppbyggingarreit.



Mikla byggingaframkvæmdir standa yfir við Snorrabraut og er götummyndin við vestanverða götuna gerbreytt.

Vistgata en ekki göngugata

Hugmyndir eru um að neðsti hluti Bergstaðastrætis á milli Skólavörðustígs og Laugavegar verði gerð að vistgötu. Málið má rekja til óskar húseigenda og rekstraraðila við neðsta hluta Bergstaðastrætis að þessi hluti götunnar yrði gerður að göngugötu. Ósk þessi var tekin til afgreiðslu á fundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur nýlega. Í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa kemur fram að ekki sé hægt að breyta Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar, í göngugötu. Samgöngustjóri borgarinnar hyggist hins vegar taka þetta til skoðunar og telur raunhæfari kost að skilgreina þennan kafla af götunni sem vistgötu.



Séð upp Bergstaðastræti frá Laugavegi að Skólavörðustíg.



**SÉRHÆFÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
VEGNA BÚSETUSKIPTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

**Vantar þig þjónustu
við dánarbússkipti,
sölu og ráðstöfun eigna?**

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is



**við
hreinsun
fyrir þig**

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



Jólin eru í Ráðagerði

Við kynnum himneskan fjögurra rétta jólaseðil sem í boði verður frá 22. nóvember á aðeins 9.990 kr. yfir hátíðarnar. Aðalseðillinn verður líka á sínum stað svo allir finna sér rétt við hæfi. Gjafabréfið okkar er svo tilvalin gjöf fyrir þau sem vilja slá í gegn um jólin.

Gerðu vel við þig um hátíðarnar með ljúffengum veitingum í huggulegu umhverfi og bókaðu borð á radagerdi.is



Vesturbærinn:

Húsin – Fólkið – Sögurnar

Nú í október kom út hjá Bókautgáfunni Hólum bókin Vesturbærinn eftir Sigurð Helgason og ber hún undirtitilinn Húsin - Fólkið - Sögurnar. Þar kennir ýmissa grasa, farið er í stuttu máli yfir byggingarsögu hverfisins, en hún spannar flest stig íslenskra byggingarháttanna. Þar voru torfbærir á sínum tíma, við tóku steinbærir, sem voru sérstakt byggingarform, síðan timburhús og því næst steinhús af öllum gerðum.

Í bókinni stígur minnisstætt fólk fram í sviðsljósið og má þar nefna Bryndísi Zoëga, Steindór H. Einarsson, Ásdísi Steinþórsdóttur, Harald Á. Sigurðsson, Guðbjörn Jónsson (Bubba), Guðrúnu Helgadóttur, Þórarín Eldjárn, Svein Guðjónsson, Halldór fíksala, Jósefinu í Nauthól, Bóbó á Holtinu, Agga ljósmyndara, Gunnar A. Huseby, Svein Jónsson og Bjarna Felixson og er þá fátt upp talið. Vesturbjarblaðið fékk leyfi útgefanda til þess að grípa niður í sögur af Harald Á. Sigurðssyni leikara með meiru og Bjarna Felixsyni knattspyrnu- og íþróttafréttamanni sem lést fyrir skömmu.

Haraldur Á. Sigurðsson

Haraldur Á Sigurðsson var Vesturbæingur í húð og hár, fæddur að Vesturgötu 28, þann 22. nóvember 1901. Móðir hans, Þórdís Hafliða-dóttir, lést þegar hann var aðeins fimm ára gamall og flutti hann þá til móðurömmu sinnar og -afa að Suðurgötu 6 og síðar til föður síns, Ásgeirs Sigurðssonar, og konu hans, Millyjar Sigurðsson, ofar í sömu götu, eða á númer 12. Hann hóf síðan búskap með konu sinni, Guðrúnu Ólafíu Hjálmarsdóttur, sem var alltaf kölluð Ollý, að Hávallagötu 1 en síðar lágu leiðir þeirra víða, meðal annars að Litlu-Drageyri í Skorradal. En Vesturbæingur var hann alltaf. Segja má að Haraldur hafi brugðið sér í ýmis gervi og ólík á ævi sinni. Hann var liðtækur knattspyrnumarkvörður á yngri árum en síðar var hann allt í senn; gamanleikari, leikstjóri, rithöfundur, verslunarmaður, bóndi, náttúruunnandi og veiðimaður og margt fleira. Það var hið fyrstnefnda sem hann varð hvað þekktastur

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð



JS

LJÓÐSASMÍÐJAN

VÉLAVERKSTÆÐI
Í SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Haraldur Á. Sigurðsson.

fyrir enda var hann burðarás í leiklistarlífi landsins í hartnær þrjá áratugi. „Það var dauður maður sem Haraldur gat ekki fengið til að brosa,“ skrifaði Árni Helgason í Stykkishólmi í minningargrein um þennan vin sinn. Haraldur var kunnur af tilsvörum sínum við ýmis tækifæri. Hann var hávaxinn maður og skrokkmikill og notaði stundum vaxtarlag sitt til að vekja kátínu í kringum sig, bæði á leiksviði og annars staðar.

Einn af góðum vinum Haraldar var Páll Jónsson, iðulega kallaður Púlli. Það sem einkenndi hann öðru fremur var bjartsýnin, rólyndið og nægjusteimin. Hann var alltaf ánægður og brá aldrei skapi, hafði sennilega ekki andstyggð á vinnu en það stappaði nærri því. Hollasta hreyfingin, sem hann vissi um, var að aka í bíl. Og upphálfsrétturinn hans var kjótkassa því að hana mátti borða með annarri hendi og hafa hina á meðan í vasanum. Púlli sagði líka: „Ég held að það sé best að gera ekki neitt og hvíla sig svo vel á eftir.“ Þetta kom líka frá honum: „Sá sem getur ekki sofið til hádegis hefur vonda samvisku.“

Þeir Haraldur og Púlli höfðu gaman af því að ráða krossgátur. Sátu þeir oft saman, réðu gáturnar yfir kaffibolla og hjálpuðu þá hvor öðrum við að fylla í eyðurnar.

Eitt sinn vantaði þá fjögurra stafa orð yfir „matur“ og lauk svo að báðir gáfust upp. Um kvöldið var landsleikur í knattspyrnu milli Íslendinga og Svía á Melavellinum og fóru þeir félagar þangað. Í miðjum leiknum, þegar Íslendingar voru í hörkusókn og nánast allir áhorfendur í uppnámi og hvetjandi landa sína, hnippir Púlli í Harald og segir: „Heyrðu, Haraldur! Það er kæfa!“

Hér segir Haraldur sjálfur frá einu af ævintýrum þeirra Púlla:

„Í æsku vorum við dálítið vínhneigðir, eins og gengur og gerist. Eitt haust, er við vorum við skál, fengum við þá hugmynd að fara til Þingvalla og gera okkur glaðan dag. Þetta var um helgi og því mannmargt á sögustaðnum. Er við leituðum eftir gistingu í Vallhöll var okkur sagt að öll rúm væru þegar lofuð að undanteknum tveim í átta manna herbergi. Var ekki um annað að ræða en að gera sér þau að góðu.

Um daginn var drukkið hraustlega, því að við vorum engir meðalmenn í þeim sökum, hann Púlli minn og ég, þegar við vorum upp á okkar allra besta. Er líða tók á kvöldið gerðumst við ölvaðir nokkuð og gengum því snemma til náða. Þegar við sofnuðum, þreyttir eftir dagsins önn, voru engir af herbergisfélögum okkar mættir.

Við vöknudum snemma næsta morgun, litum í kringum okkur og sáum hrjótandi haus í hverju rúmi. Því miður var liðan okkar nú ólík því sem verið hafði kvöldið áður – mesti glansinn var farinn af tilverunni. Eins og alþjóð veit eru timbarmennirnir einu íslensku iðnaðarmennirnir sem mæta ávallt stundvíslega á vinnustað og stundum svo, að óhugnanlegt verður að teljast. Umræddan morgun voru þeir óvenju árrisulir og athafnasamir. Engu var líkara en að þeir ynnu í ákvæðisvinnu eða eftir uppmælingu. Var nú aðeins eitt ráð fyrir hendi til þess að reyna að lama starfsgetu þessara þokkapilta. Það var að stramma sig af.

Er við höfðum stundað okkar skemmtilegu og þjóðlegu iðju um hríð varð Púlli þess var að járnsmiður var að skriða ofan á sænginni hans. Hann strauk járnsmiðinn burt svo að lítið bar á, enda kannski ekki alveg viss um

Bjarni Felixson.

raunverulega tilveru skriðdýrsins.

Ef tveir menn sitja að drykkju og annar sér einkennilegar pöddur en hinn ekki – þá er sjaldnast gott í efni. En innan stundar var annar járnsmiður kominn þarna og nú var ekki um að villast. Við sáum hann báðir.

Þótt Púlli væri rólyndur og þolinmóðasti maður veraldar þá ofbauð honum þessi óvænti átroðningur enda rann honum svo í skap að hann sló dýrið ofan af sænginni um leið og hann sagði:

„Hvaða helvítis járnsmiðir eru þetta?“

Þá reis maður upp við dogg í einu rúminu og sagði afar hæglátlega:

„Við erum úr Héðni.“

Bjarni Felixson

Í félagsblaði KR, sem gefið var út árið 1969 í tilefni af 70 ára afmæli stórveldisins, er viðtal við Bjarna Felixson, sem á sínum tíma hlaut viðurnefnið Rauða ljónið og var hann síður en svo óánægður með það, baráttuglaði vinstri bakvörðurinn. Grípum hér niður í viðtalið:

„Ég hef verið í þessu í rúman áratug og aldrei verið ánægðari með leik minn en þegar liðinu er illa tekið af áhorfendum. Sérstaklega hef ég notið þess, ef þeir hafa tekið mig fyrir, því að það hefur hert mig í baráttunni. Ég hef komist áfram á keppnissskapi og hörku og verið bestur, er við höfum átt í vök að verjast. Maður var orðinn dauðleiður á þessu árið 1959, þegar við unnum öll lið með yfirburðum.

Einkum er þó margs að minnst frá Akureyri. Árið 1960 höfðu þeir átt lélega byrjun í mótinu, eins og oftar, en áttu eftir heimaleikina síðari hluta sumars. Við áttum að fara norður og þá höfðu þeir unnið Fram fyrir skömmu. Daginn fyrir norðurför okkar var tilkynnt landslið og var „augasteinninn“ [Jón Stefánsson] þeirra utangarðs. Var nokkur ólga nyrðra af þeim sökum og þegar við komum var fullur völlur eins og venjulega.

Í fyrri hálfleik áttum við varla upphlaup. Akureyringar áttu leikinn og áhorfendur voru allæstir. Snemma í leiknum slapp einn þeirra í gegn en ég næ að renna mér á knöttinn og afstýra hættunni. Varð

þá nokkur urgur meðal áhorfenda. Rétt á eftir lendir okkur aftur saman á kantinum og ég næ boltanum eftir návígi og geysist fram völlinn. Ræðst hann þá aftan að mér með þeim árangri að ég hlaut mikið sár á fæti og áminningu frá dómara en forystumaður heimamanna heimtaði að ég yrði rekinn út af. Ég lék þó áfram og barðist „eins og ljón“ og Gísli [Þorkelsson], varamarkvörður, varði meistaralega.

Eftir hálf tíma leik skora Akureyringar, en Þórólfi [Beck] tókst að jafna fyrir hálfleik. Í leikhléi kom héraðslæknirinn, leit á sárið og sagði að það yrði að gera að því, en ég aftók það með öllu.

Í síðari hálfleik náðum við tókum á leiknum og sigruðum, 5:2. Þá lék ég fjær stúkunni og var þar fyrir hópur 20-30 stráka undir stjórn fyrrgreinds íþróttaleiðtoga norðanmanna. Er ekki að sökum að spyrja, að þegar séð var fyrir um úrslit, hófu þeir grjótkast að okkur.

Í miðjum hálfleiknum fékk Gísli mikið spark og leist mér þá ekki á blikuna. Meðan menn hugðu að meiðslum hans, tók ég boltann og henti honum á bak við grjóthrúgu við völlinn. Æpti þá lýðurinn: Út af með rauða tuddann! Var mörgum heitt í hamsi og í leikslök ruddust menn inn á völlinn í bræði sinni.

Ég hafði vart gengið 10 skref, eftir að flautað var af, þegar lögregluþjónar koma til mín og biðja mig að koma eins og skot. Voru þeir komnir að undirlagi héraðslæknisins og óku mér til hans í aðgerð.

En það er af félögum mínum að segja, að þegar þeir komu í rútna, sem aka skildi til búningsklefa annars staðar í bænum, urðu þeir þess varir að mig vantaði. Þeir pustu út á völl og fundur þar annan skóinn minn, sem ég hafði losaði mig við vegna meiðslanna, er leik lauk. Þá mælti Hörður bróðir þessi fleygu orð:

„Hérna er skórinn. Þeir eru búnir að drepa Bjarna bróður!“

Metaðsókn var á leiknum, 3964 áhorfendur mættu til að horfa á ÍBA og KR og urðu einhver blaðaskrif út af þeim skrifslátum sem þarna urðu.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali





SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED (SIDE) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMÍÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE

Harðskeljadekk

Harðskeljadekk

Harðskeljadekk



Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Lesum um fugla

Ný bók eftir Árna Árnason Hafstað



Árni Árnason Hafstað með myndavélina.

Árni Árnason Hafstað, kennari til margra ára og fugla-ljósmyndari, hefur lengst af ævi sinnar búið vestarlega á höfuð-borgarsvæðinu. Hann er uppallinn á Seltjarnarnesi en hefur megnið af fullorðinsárum sínum búið í Vesturbænum nærri miðborginni. Á hvorum tveggja þessara staða þrífst fjölskrúðugt fuglalíf og fyrir áhugamann um fuglaljósmyndun er þetta auðvitað hið besta mál, enda stutt að fara til að fanga hina fiðruðu vini okkar á mynd.

Lestur barna hefur löngum verið Árna hugleikinn og hefur hann í gegnum tíðina samið og þýtt fjölmargar bækur, sem flestar eiga það sameiginlegt að höfða ekki síst til þeirra barna sem af einhverjum ástæðum glíma við lestrarerfiðleika, en spilla síður en svo fyrir hinum fluglæsu, enda er efnið yfirleitt áhugavert.

Nýlega sendi Árni frá sér bókina Lesum um fugla. Þar kynnir hann til leiks í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum um 70 tegundir algengra fugla. Við forvitnuðumst aðeins um þessa bók og sitthvað fleira.

Hef alla tíð verið innan um fugla

„Það má segja að ég hafi verið innan um fugla alla tíð, fyrst á Seltjarnarnesi og svo í Vesturbænum. Á síðarnefnda staðnum, þar sem ég bý nú og hef búið lengst af, rölti ég oft niður að Tjörn í leit að myndefni, nú eða þvælist yfir í Vatnsmýrina, eða ég lít við í höfninni og gríp þá sjaldan í tóm. Svo á ég sennilega manna oftast erindi í Hóla-vallagarð og þá ekki til að vitja um leiði, heldur til að taka þar myndir af fuglum, en þangað sækja þeir margir, enda er girnilega pödduflóru að finna í gömlum trjánum og hún er hátíðarmatur hjá mörgum þeirra.“



Prastarungi í Hólavallagarði.

Myndir frá Tjörninni og úr Vatnsmýrinni

Eru einhverjar af fuglamyndunum teknar í Vesturbænum? „Já, heldur betur. Ég hef tekið mikið af myndum í Vesturbænum, í kringum Tjörnina og í Vatnsmýrinni, enda fuglalífið fjölskrúðugt á þessu svæði. Það er í rauninni Paradís fyrir fuglaáhugamenn. Ég hef rekist á erlenda fuglaáhugamenn sem eru nánast gapandi yfir því að það skuli vera kríuvarp í miðborg Reykjavíkur. Og svo er stutt að fara út á Nes þar sem á öllum tímum árs er hægt að komast í fugla við Bakkatjörn, Gróttu eða Suðurnes.“

Bókin er hugsuð fyrir börn

En þá að bók þinni, Lesum um fugla. Hvað geturðu sagt okkur um hana?

„Jú, hún er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns og nýtist þeim og öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynnst algengum fuglum í íslenskri náttúru. Bókin er þannig upp byggð að fuglunum er raðað í stafrófsröð, sem gerir það að verkum að það er þægilegt að leita í henni, svo er lýsandi mynd af hverjum fugli fyrir sig og tvö til þrjú lykilorð um hvern þeirra, sem er svo svarað í stuttum texta þar á eftir.“

Hvet foreldra til að sitja með börnunum

En hvernig geta foreldrar komið að bókinni og stutt við lestur barna sinna?

„Það geta þeir gert með ýmsu móti. Þeir geta auðvitað hjálpað þeim við að lesa textann og rætt um þau atriði sem þar eru nefnd, svo sem hvað það merki hjá álfinni „að vera í sárum“, eða þá að hrafinn „sé alæta“. Svo er hægt að lesa í myndirnar og ræða um þær, en allt þetta – lestur, spjall um textann og myndirnar – hjálpar börnunum að auka við orðaforða sinn og lesskilning og bætir svo vitaskuld sjálfan lesturinn hjá viðkomandi barni. Ég hvet foreldra eindregið til að sitja með börnum sínum þegar þegar þessi bók er lesin, nú eða ef aðrar bækur eru hafðar um hönd og sýna því áhuga sem þau eru að lesa og/ eða skoða. Það er sannkölluð gæðastund og skilar sér svo sannarlega þegar að fram líða stundir.“

Sálmabandið

Íslensk sálmatónlist í bluegrass búningi

Sálmabandið er skipað félögum úr Dómkórnum. Hópur eða band sem vakið hefur athygli fyrir frjálsan og opinn flutning á kirkjutónlist. Bandið skipa séra Sveinn Valgeirsson dómkirkju-prestur sem spilar á kontra-bassa, Ása Briem sem spilar á harmónikku, Telma Rós Sigfús-dóttir sem er víóluleikari bandsins og Sigmundur Sigurðarson og Jón Ívars sem sjá um gítarleik.

Sálmabandið var stofnað 2019 er það kom fyrst fram á krá í nágrenni Dómkirkjunnar og stóð þar fyrir sálmasöng. Hin síðari ár hefur bandið hins vegar átt sitt hreiður í plötuversluninni 12 Tónum á Skólavörðustíg. Þar hafa þau staðið reglulega fyrir skemmtilegum kvöld-stundum þar sem markmiðið er að koma saman og syngja saman sálma úr nýju sálmabókinni. Sálmabandið kom fram í Dómkirkjunni á Menningarnótt og nú síðast þegar Iceland Airwaves tónlistar-hátíðin stóð sem hæst og vakti þar umtalsverða athygli enda ekki mikil hefð fyrir því hér á landi að syngja sálma og kirkjulega tónlist í þeim útfærslum sem þau flytja hana.

Þegar tíðindamaður hitti þau í Dómkirkjunni á dögunum höfðu þau stillt sér upp með hljóðfærin og vildu gefa komumanni tónlistar-dæmi. Engu líkara var en þarna stæði bluegrasshópur úr Vesturálfu með grösugar víðlendur að baki en ekki altariðstöflu Dómkirkjunnar. Svo fóru þau að leika. Tengingin við hina amerísku tónlistarstefnu leyndi sér lítt. Þau enduðu á að spila Hærra minn guð til þín eftir Sarah Flower Adams sem séra Matthías Jochums-son snéri til íslenskrar tungu á sinni tíð. Lagið er eitt þekktasta útfararlag hér á landi og fyrsta erindi texta þess hljómar svo í frumútgáfunni.

„Nearer my God, to Thee,
Nearer to Thee!
E'en though it be a cross
That raiseth me;
Still all my song shall be,
Nearer, my God, to Thee,
Nearer to Thee.“

Í flutningi Sálmabandsins verða bluegrass áhrifin næsta augljós. „Það gefur svo mikla möguleika í flutningi að hafa bókstafshljóma með sálmunum“ segir séra Sveinn sem hefur augljóslega gott eyra fyrir þessari tegund tónlistar. „Blágresið fær að vera með en fyrst og fremst er þetta, blátt áfram undirleikur og tekur mið af lögunum hvort það er jazzskotið, þjóðlagatónlist



Sálmabandið hefur stillt sér upp í Dómkirkjunni.



Sálmabandið spilar á Tólf tónum.

eða eitthvað annað.“ Annars er útfarartónlistin að breytast. Ný lög eru sífellt að koma fram. Bubbi Morthens er að verða vinsælasti útfarasönghöfundurinn. Kemur á eftir Ameríska slaganum Banks of Ohio sem séra Pétur heitinn í Laufási gerði friðþægingratexta við og kallaði í Bljúgri bæn. Lagið er 19. aldar ballaða og fjallar um morð en séra Pétur studdist ekki við þá textasmíð. Upphaf frumtextans er:

„I asked my love to take a walk
To take a walk, just a little walk
Down beside where the waters flow
Down by the banks of the Ohio.

Þau í Sálmabandinu eru rétt að byrja. Nú standa þau fyrir jólasálma-samsöng þriðjudaginn 5. desember á 12 Tónum við Skólavörðustíg og hlakka mikið til. Hefst það kl 20:00. Dagurinn er ekki valinn af neinni tilviljun, því daginn eftir, þann 6. desember er dagur heilags Nikulásar, sem var vinsæll dýrlingur í Evrópu og einnig hér á landi í kaþólskri tíð. Hann er talinn vera forfaðir alþjóðlega jólasveinsins. Klæði Nikulásar biskupskápan og biskupsmitrið eru talin fyrirmynd að rauðu síðkápu jólasveinsins og jólasveinahúfunni. Nú er eftir að sjá og heyra hvað Sálmabandið ætlar að spila á aðfangadegi dýrlingsins.

Símavinir

Markmið allra Vinaverkefna Rauða krossins er að rjúfa félagslega einangrun fólks með því að veita félagsskap/nærveru og hlýju. Sjálfboda-liðastarfið er unnið út frá þörfum notanda hverju sinni og útfærslur verkefnisins eru því fjölbreyttar.

Sjálfboda-liðar Síma vina hringja í einstaklinga 18 ára og eldri af öllum kynjum. Hlutverk sjálfboda-liða okkar er að hringja í þátttakendur úr eigin síma á fyrirfram ákveðnum tíma. Hægt er að hringja hvaðan sem er, en mælt er með að sjálfboda-liðar hringi þaðan sem er ró og litlar líkur á mikilli truflun fyrir samtalið.



Hefur þú áhuga á að gerast sjálfboda-liði í Vinaverkefninu Síma vinir?

Sendu inn umsókn á vef Rauða krossins

Við gerum kröfu um að sjálfboda-liðar og þátttakendur í verkefninu hafi náð 18 ára aldri. Áhugasamir þátttakendur sem og sjálfboda-liðar geta sótt um á vefsíðu Rauða krossins, hér: www.raudikrossinn.is/verkefni/innanlandsverkefni/heilbrigdi-og-velferd/vinaverkefni/

HALLGRÍMSKIRKJA

Á AÐVENTU

Messa og sunnudagaskóli - Alla sunnudaga kl. 11.00
Bænastund - All mánudaga í kórkapelli kl. 12.00 - 12.15
(Síðasta bænastund ársins er 18. desember 2023.
Stundin hefst að nýju 15. janúar 2024)
Morgunmessa - Alla miðvikudaga kl. 10.00 - 10.30
Foreldaramorgnar - Alla miðvikudaga kl. 10.00 - 12.00

Kyrrðarstund með tónlist og stuttri íhugun - Alla fimmtudaga kl. 12.00 – 12.30. Létt hádegishressing í boði. (Síðasta kyrrðarstund ársins er 14. desember 2023. Stundin hefst að nýju 11. janúar 2024)
Handavinna - Alla laugardaga frá klukkan 10-12 í Suðursal. Alltaf heitt á könnunni (Fellur niður í desember en hefst að nýju 13. janúar 2024)

DESEMBER

Laugardagur 2. DESEMBER
12:00 Hádegistónleikar / Barokk orgeltónleikar
Eyþór Ingi Jónsson, orgel
Aðgangseyrir 2.500 kr.

3. DESEMBER - 1. sunnudagur í aðventu
17:00 Barokk á aðventunni / Telemann & Händel
Barokkbandið Brák
Konsertmeistari: Georg Kallweit
Orgel: Lára Bryndís Eggertsdóttir
Kór Hallgrímskirkju
Sópran: Harpa Ósk Björnsdóttir
Messósópran: Hildigunnur Einarsdóttir
Barítón: Fjölur Ólafsson
Stjórnandi: Steinar Logi Helgason
Aðgangseyrir 4.900 kr.

17. DESEMBER – 3. sunnudagur í aðventu
11.00 Fjölskylduguðsþjónusta
Prestur Sr. Eiríkur Jóhannsson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Graduale Futuri flytur helgileik
Kórstjóri: Sunna Karen Einarsdóttir
Jólaball í safnaðarsalnum eftir guðsþjónustuna
17.00 Syngjum jólin inn!
Kórsöngur, almennur söngur & lestrar
Kór Hallgrímskirkju,
Stjórnandi: Steinar Logi Helgason
Kammerkór Seltjarnarneskirkju,
Stjórnandi: Friðrik Vignir Stefánsson
Hljómeyki, Stjórnandi: Erla Rut Káradóttir
Orgel: Björn Steinar Sólbergsson
Ókeypis aðgangur

21. DESEMBER
20.00-22.00 Kvöldkirkja
Inngangur að jólum. Kyrrð, ró og íhugun.

24. DESEMBER - aðfangadagur
18.00 Aftansöngur
Prestur: Sr. Eiríkur Jóhannsson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kór Hallgrímskirkju syngur
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Einsöngur: Sólbjörg Björnsdóttir
Flautuleikari: Áshildur Haraldsdóttir
23.30 Guðsþjónusta á jólanótt
Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngur
Kórstjóri: Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Einsöngur: Alvilda Eyvör Elmarsdóttir

25. DESEMBER – jóladagur
14.00 Hátíðarmessa
Prestur: Sr. Eiríkur Jóhannsson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Félagar úr Kór Hallgrímskirkju syngja
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Einsöngur: Hildigunnur Einarsdóttir
Óbóleikari: Matthías Birgir Nardeau

26. DESEMBER – annar í jólum
11.00 Guðsþjónusta á ensku
Prestur: Bjarni Þór Bjarnason
14.00 Helgistund
Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
17.00 Orgeltónleikar – Jólin með Bach!
Björn Steinar Sólbergsson, orgel
Aðgangseyrir kr. 3.500

31. DESEMBER – Gamlársdagur
16.00 Hátíðarhljómar við áramót
Trompet: Jóhann Nardeau
Orgel: Björn Steinar Sólbergsson
Aðgangseyrir kr. 4.000

31. DESEMBER – Gamlárskvöld
18.00 Aftansöngur
Prestur: Sr. Eiríkur Jóhannsson
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson
Kór Hallgrímskirkju syngur
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason

1. JANÚAR – Nýársdagur
14.00 Hátíðarmessa
Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Orgel: Björn Steinar Sólbergsson
Félagar úr Kór Hallgrímskirkju syngja
Kórstjóri: Steinar Logi Helgason
Einsöngur: Oddur Arnþór Jónsson



Nánari upplýsingar um helgiöld,
viðburði og opnunartíma á
www.hallgrimskirkja.is
Sími: 510-1000

HALLGRÍMSKIRKJA - ÞINN STAÐUR!

Menning, samskipti og miðlun í Landakotsskóla



Menning, samskipti og miðlun var heiti þemadaga í Landakotsskóla í liðnum mánuði. Áhersla var lögð á að kanna og læra um samskipti og tengsl í samfélaginu nær og fjær í staðbundnu og hnattrænu samhengi.

Landakotsskóli hefur þá sérstöðu að reka alþjóðlega deild samhliða íslenski deild. Skólasamfélagið er því fjölbjóðlegt og því gefst tækifæri til að dýpka skilning á fjölbreytileika. Landakotsskóli stendur fyrir að efla skilning nemenda á margbreytileika og unnið að því að styrkja nemendur í að þeir verði næmari fyrir menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum samskiptum.

Þemadagar eru mikilvægir í skólastarfi en þá er hægt að glíma við viðfangsefni á óhefðbundnari hátt, með samþættingu námsgreina í gegnum beina reynslu nemenda og samstarf þvert á bekkjarheildir. Allir árgangar taka þátt og vinna að vel skilgreindum þemum sem kennarar íslensku og alþjóðadeildar hafa unnið að í sameiningu. Á þemadögum unnu nemendur að því að finna fjölbreyttar leiðir til að afla upplýsinga og reynslu, vinna úr þeim á skapandi hátt og skapa ný tengsl. Auk þess að kanna tengsl þvert á menningarheima kanna nemendur leiðir til að miðla upplifun sinni á þemadögnum. Þemadagar gefa nemendum einnig tækifæri til að kynnst og vinna með jafnöldrum og nemendum þvert á deildir skólans.

Ekkert gistiheimili í Framsóknarhúsinu

Skipulagsyfirvöld í Reykjavík hafa hafnað ósk um að breyta Framsóknarhúsinu við Hverfisgötu í gististað. Óskað var eftir þessari breytingu á vegum Skúlagarðs hf. dótturfélags Framsóknarflokksins.

Í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur kemur fram að í gildi sé aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er lóðin og byggingin á Hverfisgötu 33 á miðborgarsvæði, blandaðri miðborgarbyggð og íbúðabyggð. Á því svæði er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðabyggð og hverfisanda en um leið að efla verslunar-, atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur vel að íbúðabyggðinni. Einnig kemur fram í umsögninni að í gildi sé deiliskipulag fyrir Skúlagötusvæðið frá 13.



Framsóknarhúsið við Hverfisgötu.

maí 1986 með síðari breytingum. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er óheimilt að breyta núverandi húsnæði, skrifstofu-

húsnæði, íbúðum og verslunarhúsnæði, í gististarfsemi. Húseignin Hverfisgata 33 var auglýst til sölu á liðnu hausti.

Ágúst Borgþór Sverrisson gefur út nýja spennusögu

Ágúst Borgþór Sverrisson blaðamaður og rithöfundur hefur sent fá sér nýja bók sem heitir, Vektu ekki barnið. Um er að ræða spennusögu í styttri kantinum. Í sögunni hverfur ung kona á vörnóttu og áður en yfir lýkur veit lesandinn hvað varð um konuna, en sumar persónurnar þurfa að burðast með erfið leyndarmál alla ævina. Ágúst Borgþór segir að ekki megi segja meira frá söguþræði í sögu af þessu tagi en hann hafi gaman af byggingu sögunnar, hvernig skipt er ört á milli sjónarhorna þegar líður á söguna og það rennur smám saman upp fyrir lesandanum hvað hefur átt sér stað.

Ágúst Borgþór segir söguna veita innsýn í samfélagið og tíðarandann árið 1969 en samfélagið hafi gjörbreyst frá þessum tíma. „Um leið er ég líka að horfa á þennan tíma í gegnum gleraugu nútímans, segja má t.d. að höfundur skoði kynferðisbrot, sem töluvert koma fyrir sögu í bókinni, með metoo-gleraugum samtímans.

Samtími hvers tíma er auðvitað nútími fyrir þá sem hann lifa og það er ljóst að á þessum tíma hafði íslenskt samfélag upplifað gjör-



Ágúst Borgþór Sverrisson og bækur eru ekki langt undan.

breytingar á lífsháttum. Það var reyndar kreppa um þetta leyti en Ísland hafði upplifað gífurlegar framfarir áratugina á undan.“

Ágúst Borgþór bendir á að á þessum tíma og næstu áratugi á eftir hafi ungir Íslendingar kvartað undan því að samfélagið væri einhæft og tilveran tilbreytingarlaus. „Sumum fannst að allt væri bannað og skemmtanalífið var

talið vera mjög einsleitt. Slíkar raddir heyrast ekki í dag. En margir lifðu í þeirri rútínu að vinna mikið alla vikuna og detta svo í það um helgar, helst á sterku áfengi en bjórin var bannaður.“

Ágúst Borgþór er á mörkum þess að vera Vesturbæingur og Seltíringur. Kveðst alltaf hafa verið tengdur Vesturbænum en ætti einnig tengsl við Nesið þaðan sem hugmyndir hans eru að einhverju leyti runnar upp. En hvort lítur hann á sig sem blaðamann eða rithöfund. „Skáldskapur var í sannleika stærri hluti af lífi mínu fyrir allnokkrum árum en hann er í dag. Ég vann um árabil á auglýsingastofu og síðan á þýðingastofu. Á þeim tíma frá aldamótum og fram til 2015 skrifaði ég miklu meiri skáldskap en ég geri núna. Blaðamennska er einfaldlega gífurlega krefjandi starf sem getur gleypst alla tilveru manns. Ég er samt að byrja að rata til baka inn í skáldskapinn og mér tókst að sjóða þessa sögu saman upp úr efni sem hafði safnast upp, í tveggja mánaða frí sem ég tók í fyrra. Síðan eru eru ekki nema sex ár þar til ég fer á eftirlaun. Þá get ég farið að finna farveg í skáldskap fyrir öll þau áhrif og lífsreynslu sem ég hef orðið fyrir í þessu annasama starfi, blaðamennsku á DV.

AS WE GROW

ICELAND

ALPACAU LL

FYRIR VETURINN

KLAPPARSTÍG 29

ASWEGROW.IS

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is

Sveinir Einarsson
Útfarastjóri
Sími: 898 8242


Jón G. Björnsson
Útfarastjóri
Sími: 793 4455

Jóhanna Fjörðadóttir
Umboðun utlára

Guðmundur Ö. Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umboðun utlára
Sími: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

SANNKÖLLUÐ GLÆSIBÓK!




Ástin, trú og tilgangur lífsins eftir Sigurð Árna Þórðarson er gullfallegur gripur sem unun er að handleika en efnið er ekki síður áhugavert, einkennist af djúpri visku og kærleika.

ástin

Sigurður Árni var um langt skeið vinsæll prestur í Neskirkju og Hallgrímskirkju, auk þess að vera einn kunnasti kennimaður Íslendinga undanfarna áratugi.

Ómissandi kjörgripur á hverju heimili!



FAGURSKINNA

Bryndís Zoëga

Eftirminnilegur einstaklingur í Vesturbænum

Kalt febrúarmiðdegi á Drafnarborg veturinn 1984. Faðir hafði fylgt fjögurra ára syni sínum í leikskólann. Á þeim tíma áttu ekki öll börn vist í leikskóla. Börn einstæðra foreldra og námsfólks sátu fyrir. Á fyrri hluta níunda áratugsins var þó farið að taka við börnum í hálf dagspláss. Helst ef foreldrar þekktu einhvern í kerfinu sem gat liðkað fyrir. Bryndís leikskólastjóri tók vel á móti drengnum eins og ætíð. Á eftir spurði hún föðurinn hvort hann væri að flýta sér. Hvort hann hefði tíma til að eiga við sig orð. Komdu með mér inn á skrifstofu. Ég ætla að kynna þig fyrir vinkonu minni, sagði Bryndís.

Í dyrunum á litlu skrifstofunni hennar mætti komumaður vinkonunni. Þar var Auður Laxness. Hádegishléi föðursins lengdist óvænt því þarna varð til gott spjall og óvænt kynni við ekkju nóbelskáldsins. Þannig var Bryndís. En hún var annað og meira. Fóstra eins og leikskólakonur hétu þá. Frumkvöðull á sínu sviði. Minnisstæð fyrir sérstætt útlit og sértaka persónuleika. Það halda sumir að ég sé finnsk, sagði hún eitt sinni þegar hún mætti og átti tal við vegfaranda á Kaplaskjólsveginum. Myndarlega var hennar minnst í minningarorðum. Orðlag sem henni fannst frekar niðrandi þegar hún var sjálf til umræðu því hún hafði alist upp við að tvíburasystur hennar sem lést á 16. aldursári væri sögð falleg en Bryndís myndarleg.

Fyrsti sérmenntaði leikskólakennarinn

Bryndís var fyrsti sérmenntaði leikskólakennarinn á Íslandi. Hún lauk leikskólakennaraprófi frá Fröbel Hojskole í Kaupmannahöfn vorið 1939. Hún rak leikskóla í Reykjavík 1941 til 1942 og veitti forstöðu sumardvalarheimili Rauða krossins í Stykkishólmi tvö sumur á stríðsárunum. Hún rak sitt eigið barnaheimili við Amtmannsstíg um nokkurt skeið. Hún var forstöðukona á vistheimilinu Vesturborg 1939 til 1940. Hún starfaði á ýmsum leikskólum Sumargjafar í Reykjavík 1942 til 1950 og var forstöðukona Drafnarborgar 1950 til 1992 að hún lét af störfum vegna aldurs.

Talaði aldrei niður til barna

Auður Laxness minntist vinkonu sinnar við fráföll hennar og sagði þá meðal annars í minningargrein að lífsstarf Bryndísar hafi verið að sinna börnum þar sem hún hafi átt fáa ef nokkra líka. Hún hafi aldrei talað niður til barna, talaði mikið við þau, mikið meira en við foreldrana og alltaf sem jafningja. Hún sagði Bryndísi hafa verið mannþekkjara meiri en aðra og það stóð allt þegar börnin uxu úr grasi. Alltaf hafi þeir eiginleikar komið fram sem Bryndís hafði sagt fyrir.

Fann upp á nýju á hverjum degi

Valgerður Þóra Benediktsson bókasafnsfræðingur og vinkona Bryndísar minntist hennar einnig. Hún staldraði meðal annars við Drafnarborg og eftirminnileg stjórnunarstörf hennar. Hún sagði Drafnarborg hafa verið skemmtilegan og tilbreytingarrikan vinnustað. Bryndís hafi alltaf fundið upp á einhverju nýju hvern einasta dag, að fara út að ganga, fara inn og lesa, borða, lita, leira, vefa, leika sér, út aftur. En ógleymanlegastar væru jólaskemmtanirnar á Drafnarborg. Þá skúruðum við og skreyttum gamla, góða húsið við Drafnarstíg.

Valdi úrvalsfólk til starfa

Bergur Felixson er lengi hélt utan um leikskóla Reykjavíkurborgar sagði um Bryndísi að hún hafi verið mjög eftirminnileg manneskja og átti sér þá hugsjón eina, að börnunum, sem hún hafði fóstað, vegnaði vel. Hún mundi eftir sínu fólk og einn sterkur eiginleiki hennar hafi verið að hún valdi úrvalsfólk til starfa, sem átti sinn þátt í velgengni hennar.

Mannblendin og félagslynd

Bryndís var sterk og sjálfstæð kona og lifði lífinu eftir sínu eigin lagi. Hún fór eigin leiðir, hjólaði um bæinn þótt fáið sæjust þá á hjóli. Bryndís naut þess að vera frjáls og fara víða. Hún ferðaðist mikið allt sitt líf bæði hér á landi og erlendis. Hún var fróðleiksfús um framanandi staði og menningu og vildi upplifa hlutina af eigin raun. Hún var mannblendin og félagslynd. Sem leikskólakennari og forstöðukona barnaheimilis um áratuga skeið þekkti hún marga og fylgdist vel með þeim börnum sem höfðu verið undir hennar verndarvæng. Hvers kyns hindranir voru ekki að hennar skapi og hún lét þær ekki hafa áhrif á fyrirætlanir sínar. Hún mætti í heimsóknir og fór eftir sinni eigin klukku og hafði alltaf ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum.



Bryndís Zoëga innan við hliðið í leikskólanum Drafnaborg. Börnin voru aldrei langt undan.



Einn elsti leikskóli borgarinnar Drafnarborg við Drafnarstíg fagnaði 70 ára afmæli í október 2020. Leikskólinn Drafnarborg tók til starfa 13. október 1950 og var fyrsti leikskóli borgarinnar sem teiknaður var sem barnaheimili og byggður með þarfir ungra barna í huga. Arkitekt hússins var Þór Sandholt. Leikskólinn var rekinn af Barnavinafélaginu Sumargjöf fram til ársins 1987 þegar Reykjavíkurborg tók við rekstrinum. Þá var Bryndís Zoëga leikskólastjóri og hafði gegnt því starfi frá upphafi. Alls starfaði hún í 41 ár á Drafnarborg.

Ævistarfið var helgað börnum

Eldri og miðaldra Vesturbæingar muna margir eftir Bryndísi. Margir fleiri en þeir sem hún gætti í leikskólastarfnum. Hún bjó lengi í Skjólunum og ýmist gekk eða hjólaði upp eða niður Kaplaskjólsveginn til og frá vinnu. Bryndís tók bílpróf á efri fullorðinsárum. Kom framtak hennar mörgum í opna skjöldu en sýndi vel hvað var í hana spunníð. En börnin áttu hug hennar allan. Hún hafði ætíð mikinn áhuga á því sem börnin voru að gera og spurði margs um leiki þeirra og nám. Enda má segja að ævistarf hennar hafi verið helgað börnum. Bryndís átti ekki börn sjálf en með sanni má segja að ótrúlegur fjöldi barna hafi átt Bryndísi. Stundum var því velt fyrir sér hvort hún væri forspá. Hún taldi sig geta séð fyrir framtíð barnanna. Hvort hún las í persónur þeirra og hegðun eða haft kynni af foreldrum þeirra til viðmiðunar er ekki auðvelt að segja til um. Því hélt hún fyrir sig. Um forspárleika hennar verður ekki dæmt hér en þó munu vera ýmis dæmi um það sem hún lagði fyrir hafi gengið eftir. Hún fylgdist vel með sínum börum eftir að leikskólagöngu þeirra lauk og oft hafði hún á orði að eiginleikar mannanna kæmu fram strax í frumbersku. Bryndís Zoëga var einn af eftirminnilegustu einstaklingum í Vesturbænum á síðari hluta liðinnar aldar.



Nordjobbbarinn Rikke frá Danmörku nýtur sín í íslenskri náttúru.

Frá Himmelbjerget að Fimmvörðuhálsi

Í Vesturbæ Reykjavíkur býr Nordjobbbari sem vinnur sem þjónn á Grand Hótel. Rikke kom til Íslands stuttu eftir að hún lauk Menntaskóla í bænum Virklund sem er í nágrenni við Silkeborg í Danmörku. Danir taka sér gjarnan árs frí frá skóla eftir Menntaskóla til að njóta lífsins, Danir kalla það „Sabbatár.“ Á sabbatárunum taka þau sér vinnu (oft á leikskóla), fara í lýðháskóla og ferðast. Sumir fara í Nordjobb þar sem þau slá tvær flugur í einu höggi, upplifa annað land og hafa tekjur.

Á Grand Hótel þjónar Rikke fólki frá öllum hornum heimsins. Hún hefur áhuga á íþróttum og hefur fengið tækifæri til að þjóna og hitta landslið Íslands og Portúgal þegar löndin kepptu í undankeppni EM 2024. Dagarnir eru krefjandi og íþróttáúrið telur 15.000-20.000 skref yfir daginn sem gerir það að verkum að vinnudagarnir líða hratt og hún fær betra tækifæri til að njóta dagsins. Rikke hefur meðal annars fengið að kynnst þeirri íslensku hefð að þegar að sumarveðrið er frábært er allt í lagi að taka auka pásu til að njóta þessarar fágætu hamingju.

Hefur eignast vini og dafnað félagslega

Veturinn 2022 flutti Rikke til Íslands, hún hefur eignast vini hér og dafnað félagslega. Hún segir að við það að flytja og hefja störf í veitingabransanum hefur hún

fengið tækifæri til að vera opnari félagslega og opin á annan hátt. Á vinnustaðnum er sterkur liðsandi, hún vinnur með sama hópnum á hverri vakt undir leiðsögn reynslumikils hópstjóra. Hún fer í ræktina með samstarfsskonu sinni frá Hveragerði og utan vinnutíma hefur hún kynnst nokkrum dönskum jafnöldrum sínum. Þær halda alþjóðlegan saumaklúbb einu sinni í viku og hafa meira að segja boðið í danska veislu þar sem dönskum síðum var fagnað.

Á meðan að Íslandsdvölinni stóð hefur Rikke nýtt hvert einasta tækifæri til að kanna og upplifa þessa undurfögru eyju. Ferðalögin eru of mörg til að telja en Vestmannaeyjar hafa fangað hug hennar og hjarta. Hún ætlaði að ganga Fimmvörðuháls með kærastanum sínum en það varð ekkert úr þeirri ferð vegna þess að íslensk demba neyddi þau til að hætta við.

Ómetanleg starfsreynsla

Starfstímabilið fer núna að líða undir lok, ferðalög og önnur ævintýri biða Rikke. Sambandið við vinnustaðinn eru góð þannig að hún er alltaf velkomin til að taka aukavaktir, það kostar víst að vera til. Hún telur það ekki líklegt að hún muni halda áfram í veitingageiranum en þessi starfsreynsla hefur verið henni ómetanleg þar sem að hún mun taka með sér bætta enskukunnáttu, skipulagshæfileika og jafnvægi vinnu og einkalífs.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Gregg Ryder tekur við KR

Gregg Ryder hefur verið ráðinn þjálfari KR í meistaraflokki karla í knattspyrnu.

Gregg hefur þjálfað Þrótt Reykjavík og Þór Akureyri og þar á undan aðstoðarþjálfari ÍBV. Nú síðast var hann að þjálfa 19 ára lið Køge í Danmörku. KR-ingar er mjög ánægð með að hafa náð samningi við Gregg til næstu þriggja ára. Gregg tekur formlega við liðinu þegar hann kemur til landsins í janúar eftir að tímabilinu lýkur í Danmörku.

Gregg Ryder nýr þjálfari meistaraflokks KR.



www.kr.is

Fimm á verðlaunapalli

Fimm KR-ingar voru á verðlaunapalli á stórmóti HK, sem fram fór laugardaginn 4. nóvember sl.

Aldís Rún Lárusdóttir varð í öðru sæti í kvennaflokki, en hún tapaði fyrir Nevenu Tasic, Víkingi, sem sigraði. Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir varð þriðja og Anna Sigurbjörnsdóttir fjórða. Í karlaflokki höfðu Ellert Kristján Georgsson og Pétur Gunnarsson í 3. og 4. sæti.



KR ingar með verðlaunin.

Aldarafmæli Gunnars Huseby

Aldarafmæli KR-ingsins Gunnars Huseby var laugardaginn 4. nóvember sl. Gunnar var einhvers fræknasti íþróttamaður sem Íslendingar höfum alið.

Gunnar var fyrsti Íslendingurinn til að verða Evrópu-meistari í frjálsum íþróttum, með sigri sínum í kúluvarpi á EM í Osló árið 1946. Þar kastaði hann kúlunni 15,56 m, eða 30 cm lengra en næsti maður. Á Evrópumóttinu í Brussel 1950, bætti hann um betur er hann varði titil sinn með glæsibrag með 16,74 m kasti, sem var nýtt Evrópumet og nær 1½ m lengra en næsti maður kastaði. Var þetta lengsta kast Gunnars á ferlinum. Á sama móti varð félagi hans Torfi Brynkeirsson Evrópumeistari í langstökki með stökki upp á 7,32 m. Þetta eru enn einu Evrópumeistaratitlar Íslendinga í frjálsum íþróttum utanhúss. Gunnar og Torfi voru valdir inn í heiðurshöll ÍSÍ árið 2015. Gunnar átti löngum við áfengisvandamál að stríða sem sem olli því að hann komst ekki til keppni á Ólympíuleikum. Um síðir tókst honum að vinna bug á



Félagarnir Torfi Brynkeirsson og Gunnar Huseby á hátindi ferils síns. Eins og sjá má hér er um gamla blaðaljósmýnd að ræða.

áfengisfíkninni og var eftir það dugmikill leiðbeinandi í AA-samtökunum. Gunnar lést þann 28. maí 1995.

GEFÐU HLÝLEGAR GJAFIR



Hugleiðslupúðar

Hönnun sem endurspeglar hefðir og venjur frá Indlandi. Mynstur sem notuð eru til að skreyta stíga á hindúhátíðum og við hjónavígslu. Einstök hönnun. Kíktu á úrvalið.



Líkamsburstar og olíur

Ást er... að gefa þér og þínum líkamsbursta og -olíu á aðventunni. Hydréa London er leiðandi í baðdekri. Notaðu með lífrænar olíur af bestu gerð. Frá Fuschi og Wild Grace hjá okkur.



Lykillinn að jólinum!

Allra bestu ferðafélagarnir í skammdeginu, alla aðventuna og öll jólin eru meltingar-ensím, magasýra og mjólkurpistill. Það er gott að fara að undirbúa meltinguna.



Nærðu húðina með Wild Grace

Mögnuð húðlína sem færir húðinni aðeins það besta og nákvæmasta sem náttúran hefur upp á að bjóða. Kíktu á úrvalið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FYRIR TAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI




LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Flöskumóttaka

Endurvinnslan



Ný flöskumóttaka opnar í desember á Köllunarklettsvegi 4



Beint á móti
Góða hirðinum

Skilað og skannað

Fáðu skilagjaldið útgreitt með appi



Við bjóðum viðskiptavinum að sækja appið okkar og fá greitt skilagjaldið með símanum. Á móttökustöðum eru einnig sjálfsafgreiðslukassar, mælum þó með appinu enda fljótlegri greiðslumáti.

MÓTTÖKU STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGASVÆÐINU

- | | | |
|-----------------------|--------------|------------------|
| ▪ Köllunarklettsvegur | ▪ Skútahraun | ▪ Breiðhella |
| ▪ Knarravogur | ▪ Ánanaust | ▪ Blíðubakki |
| ▪ Dalvegur | ▪ Jafnasel | ▪ Skátamiðstöðin |

Endurvinnslan hf
588 8522
evhf@evhf.is